

Náin kynni í kynjuðu ljósi

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Númer samnings: UMS-67

Kvennaskólinn í Reykjavík

Skólaárið 2013-14

Nafn verkefnisstjóra: Þórður Kristinsson

Nafn skóla:

Kvennaskólinn í Reykjavík

Nafn verkefnisins:

Náin kynni í kynjuðu ljósi

Nafn verkefnisstjóra:

Þórður Kristinsson

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:

UMS-67, árið 2013

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Markmið verkefnisins er tvíþætt. a) Í fyrsta lagi að útfæra fræðslufni og kennsluleiðbeiningar sem henta nemendum á fyrsta ári í framhaldsskóla um kynbundið ofbeldi, klám og klámneyslu annars vegar og hins vegar heilbrigð samskipti í nánum samböndum. b) Í öðru lagi er um að ræða kennslunálganir að sama efni fyrir nemendur á lokaári í framhaldsskóla út frá mun dýpri kenningarlegri nálgun grundaðri í rannsóknum á sviðinu.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Byrjað var á vinnunni varðandi kennslufnið fyrir nemendur í kynjafræði. Settir voru saman rýnihópar um efnið fyrir eldri nemendur skólans sem hafa setið kynjafræðiafangann og sá Thomas Brorsen Smidt um þennan þátt. Þar var farið yfir hvaða þætti úr náminu nemendurnir telja að hafi nýst og hvað þau hefðu viljað fara betur í. Thomas kannaði þekkingarstig nemendanna og sá þannig hvar og hvernig mætti aðlaga fræðsluna að nýjustu rannsóknum og kenningum. Eftir að hafa fengið niðurstöður úr þeim rýnihópum setti Thomas fram tillögur að úrbótum og lesefni. Námsefni og kennsluaðferðir voru aðlagðar eftir því. Á haustönn 2014 fór fram önnur prufukeyrsla námsefnis og leitað eftir mati nemenda á fræðslunni. Námsefni og kennsluaðferðir aðlagðar eftir því og verða kynntar öðrum félagsfræðakennurum á framhaldsskólastigi bæði á póstlista Félags félagsfræðikennara í framhaldsskólum og á endurmenntunarnámskeiði félagsins í ágúst 2015. Þá er námsefnið einnig kynnt þeim kennurum sem kenna kynjafræði í framhaldsskólum landsins á lokaðri fésbókarsíðu þeirra.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Áætlunin fyrir verkefnið breyttist mjög mikið á tímabilinu. Spilaði þar stóran hluta verkfall framhaldsskólakennara á vorönn 2014. Öll vinna við verkefnið var ólögleg á meðan verkefninu stóð og þegar samningar náðust þurfti að vinna mikið upp, þjappa saman yfirferð og samt prufukeyra nýja námsefnið og fá endurgjöf frá nemendum.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Verkfallið kom niður á allri framkvæmd.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Helsti ávinningurinn við verkefnið er að sjálfsögðu afrakstur þess en í bæði kennslu á efninu fyrir fyrsta árið sem og í framhaldsáfanganum er kennslan orðin markvissari og ítarlegri. Auk þessa hefur verkefnið skapað umræðugrundvöll um kennslu á þessu efni meðal kennara í framhaldsskólum.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

- Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Í Kvennaskólanum í Reykjavík hefur farið fram öflug forvarnarfræðsla um kynbundið ofbeldi til allra fyrsta árs nema, þar sem áherslan hefur verið á umfang og eðli kynbundins ofbeldis og að koma ábyrgðinni yfir á þann stað sem hún á heima; hjá gerandanum. Þá fræðslu hafa félagsfræðikennarar skólans þróað seinasta áratuginn. Verkefnið hefur ótvíræð áhrif á nemendur skólans og skólastarfið. Það er opnað fyrir þessa umræðu fyrir alla nemendur skólans á fyrsta ári og nemendum eru kynntar leiðir til þess að takast á við kynbundið ofbeldi. Kennarar skólans geta staðfest það að nemendur leita frekar til þeirra eftir hjálp með þessi efni eftir að fræðslan fer fram.

Niðurstöður verkefnisins: T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins.

- Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins.

Varðandi kennsluefnið fyrir fyrsta árs nema:

Mikið af tölfræðinni sem notast var við var erfitt að finna upprunann á en hafðist eftir mikla leit. Það er til þó nokkuð af nýlegu efni um málaflokkinn og þá sérstaklega eftir átak stjórnvalda um vitundarvakningu í málaflokknum. Í kennsluleiðbeiningunum reyndum við að safna saman öllu því efni sem gæti nýst í kennslu á framahaldsskólastigi.

Varðandi kennsluefnið fyrir nemendur í kynjafræði:

Úr rýnihópunum kom fram gagnrýni á þáttum sem við höfðum að miklu leiti þegar bætt úr; s.s. að bjóða uppá meiri rökræður um kennsluefnið, fara dýpra í umræður um kynusla og taka inn fleiri vinkla þegar kemur að klámi og klámneyslu. Það var sérstaklega hjálplegt að fá lista yfir hugtök sem þeim þótti vanta (þrátt fyrir mörg þeirra værum við þegar búin að bæta við) og ábendingar um hvernig mætti bæta virkni nemenda í yfirferð á efninu. Þá þurfti að veita og meta ábendingar sérfræðingsins um heppilega texta til að láta nemendur lesa en sumt af því efni hentar betur nemendum á háskólastigi. Teljum við okkur hafa fundið góðan milliveg þar.

- Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Það náðist að búa til kennsluefni og kennsluleiðbeiningar um klám, kynfrelsi og nán samskipti fyrir nýnema sem eru tengdar námi nemenda um kynbundið ofbeldi. Þetta efni er aðgengilegt á vef skólans: <http://www.kvenno.is/pages/548>

Kennsla í kynjafræðiáfanganum hefur einnig tekið breytingum. Má sjá mark um það í kennsluefninu sjálfu þar sem ábendingar Thomasar Brorsens Smidt voru hafðar að leiðarljósi. Kennsluefnið stýrir þannig kennslunálgun og verkefnum í samræmi við breyttar áherslur.

- Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Verkefnið heldur áfram að þróast innan skólans. Þar sem efnið hefur fengið góða yfirlegu tekur við eðlileg uppfærsla á upplýsingum eftir því sem málaflokkurinn þróast og ný tölfræði kemur fram.

Vonandi taka aðrir skólar það efni sem við höfum gert aðgengilegt á vefnum til sín og nýta það sem þeim finnst henta kennslu í sínum skólum.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Áætlað er að kynna efnið fyrir öðrum félagsvísindakennurum í framhaldsskólum á námskeiði Félags félagsfræðikennara í framhaldsskólum, á heimasíðu félagsins sem og á vefspjallsvæði kynjafræði kennara á netinu. Sá hluti efnisins sem nýta má beint verður aðgengilegt öðrum á heimasíðu skólans. Þar geta nemendur, foreldrar og aðrir kennarar sem hafa hug á að nýta sér það, nálgast efnið. Efnið verður kynnt sérstaklega til foreldra með tölvupósti og vísað á heimasíðu skólans.